



21.07.2026

**Bæjarráð - 24992499. fundur bæjarráðs
haldinn á bæjarskrifstofu, þriðjudaginn 21. júlí 2026
og hófst hann kl. 16:15**

Fundinn sátu:

Kristján Jón Guðmundsson var fjarverandi en í staðinn sat fundinn Baldur Smári Einarsson, Þorbergur Haraldsson var fjarverandi en í staðinn sat fundinn Jóhanna Ósk Halldórsdóttir, Guðfinnur Ragnar Jóhannsson og Kristinn Gauti Einarsson.

Fundargerð ritaði: Kristinn Gauti Einarsson, staðgengill bæjarstjóra

Dagskrá:

1. Tímalína Bæjarráðs 2026 - 2606050

Lagt fram uppfært yfirlit yfir helstu mál og verkefni sveitarfélagsins. Tímalínan er innra vinnuskjal sem ætlað er að styðja við áætlanagerð, forgangsroðun verkefna og yfirsýn bæjarráðs yfir stöðu mála hverju sinni.

Lögð fram uppfærð tímalína helstu verkefna sveitarfélagsins. Bæjarráð ræddi stöðu mála og tekur tímalínuna til kynningar.

2. Bókakaffi erindi - 2607019

Lagt fram erindi frá Yuliia Voloshenko þar sem hún lýsir áhuga á að koma að starfsemi Bókakaffis í bókasafni Bolungarvíkur.

Bæjarráð tekur erindinu jákvætt og felur bæjarstjóra að vinna málið áfram.

3. Fasteignir Bolungarvíkur, Berg - 2607020

Lagt fram erindi frá Heilbrigðisstofnun Vestfjarða vegna ástands húsnæðis sem hýsir rekstrareininguna Berg.

Bæjarráð leggur áherslu á að unnið verði af festu að úrbótum vegna ástands húsnæðisins. Málið hefur verið fært til meðferðar hjá tæknideild og felur bæjarráð bæjarstjóra að fylgja því eftir. Markmið til skemmri tíma er að tryggja nauðsynlegar úrbætur fyrir komandi vetur, samhliða því sem unnið verði að frekari greiningu og undirbúningi varanlegri lausnar.

4. Gatnagerð Völusteinsstrætis - 2606023

Rætt um framkvæmd gatnagerðar í Völusteinsstræti. Verksamningur vegna verksins lagður fram.

Bæjarráð tekur verksamning vegna gatnagerðar í Völusteinsstræti til kynningar.



21.07.2026

5. Framkvæmdir 2026 - 2606040

Rædd staða framkvæmda- og viðhaldsverkefna ársins 2026.

Bæjarráð fór yfir stöðu framkvæmda- og viðhaldsverkefna ársins 2026. Ákveðið var að fylgjast áfram með framgangi verkefna og taka stöðu þeirra til reglulegrar umfjöllunar á komandi fundum bæjarráðs.

6. Samtök sveitarfélaga á köldum svæðum. Kynning. - 2607014

Lagt fram kynningarefni frá Samtökum sveitarfélaga á köldum svæðum, sem Bolungarvíkurkaupstaður á aðild að. Markmið samtakanna er að gæta hagsmuna sveitarfélaga á köldum svæðum, meðal annars varðandi orkukostnað, húshitun, jarðhitaleit og önnur orkumál.

Erindi kynnt.

7. Um Samtök orkusveitarfélaga. Kynning. - 2607013

Lagt fram kynningarefni frá Samtökum orkusveitarfélaga ásamt upplýsingum um vinnu samtakanna varðandi skattlagningu orkumannvirkja. Samtökin vinna að hagsmunagæslu sveitarfélaga í málefnum sem tengjast orkuvinnslu, virkjunum, skatttekjum og áhrifum orkunýtingar á nærsamfélög. Einnig er bent á að frumvarp um skattlagningu orkumannvirkja er væntanlegt til meðferðar á Alþingi

Erindi kynnt.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 18:20